# Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Brautarholt á Skeiðum - breyting á deiliskipulagi




Deiliskipulag eftir breytingu í mkv. 1:1.000




Úrdráttur úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _______ til ________ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann ____________________

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann________________




Deiliskipulag fyrir breytingu í mkv. 1:2.000



Yfirlitsmynd eftir breytingu í mkv. 1:2.500

**Greinargerð með breytingu á deiliskipulagi**

Sveitastjórn hefur ákveðið að gera breytingu á deiliskipulagi Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem auglýst var í B-deild, nr. 1213, 27. desember 2011, m.s.br.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016, eru lóðirnar innan deiliskipulagsmarka skilgreinds íbúðasvæðis.

**Breytingin nær til eftirfarandi:**
1) Lóðirnar Holtabraut 21 og 23 breytast í raðhúsalóðir og minka.
2) Lóðin Holtabraut 18 - 20 er stækkuð um c.a. 2m til vesturs og byggingareitur stækkaður.
3) Lóðin Vallarbraut 11 er stækkuð um c.a. 4m til vesturs og breytt í raðhúsalóð.
4) Gönguleið á milli Holtabrautar 20 og Vallabrautar 9, breytist lítillega við stækkun lóðarinnar Holtabrautar 20.
5) Veglína Vallarbrautar til suðurs (vegur að hreinsivirki) breytist lítillega við stækkun lóðarinnar Vallarbrautar 11.
6) Byggingareitur á Malarbraut 2 er lengdur um 0,6m til austurs.

**Breytingin felur í sér;**
Eftirspurn eftir lóðum fyrir par- og raðhús hefur aukist talsvert og skortur er á minni íbúðum innan sveitarfélagsins. Breyting þessi er gerð til að koma til móts við þær þarfir.

1) Lóðirnar Holtabraut 21 og 23 voru skilgreindar sem parhúsalóðir, en nú er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja á þeim raðhús. Byggingareitur er stækkaður og nær saman á lóðamörkum þannig að möguleiki sé á að byggja 6 íbúða raðhús sem nær yfir báðar lóðirnar. Bætt er við snúningsplani við enda götunnar og við það minka lóðirnar báðar lítillega.

2) Lóðin Holtabraut 18 - 20 er parhúsalóð og verður það áfram, en hún er stækkuð um c.a. 2m til vesturs og byggingareitur er stækkaður til vesturs og til suðurs.

3) Gönguleið á milli Holtabrautar 20 og Vallarbarautar 9 breytist að óverulegu leyti við stækkun Holtabrautar 20.

4) Lóðin Vallarbraut 11 breytist úr einbýlishúsalóð í 3ja íbúða raðhúsalóð og er lóð og byggingareitur stækkuð um 4m til vesturs.

5) Veglína Vallarbrautar til suðurs í átt að hreinsivirki breytist lítillega við það að lóð Vallarbrautar 11 stækkar um 4m til vesturs.

6) Byggingareitur á lóðinni Malarbraut 2 er lengdur um 0,6m til austurs vegna fyrirhugaðar viðbyggingar.

Að öðru leyti er ekki um breytingu á núgildandi deiliskipulagi að ræða og aðrir byggingaskilmálar haldast óbreyttir.

**Skýringar:**

| | |
|---|---|
| Mörk deiliskipulags | F=1.027m² — Flatarmál lóðar í fermetrum |
| Mörk dlsk-breytingar | S/T/H — Spennist / Tengiviki / Hreinsivirki |
| Byggingarreitur, hámark | Núverandi byggingar |
| Byggingarlína bundin | Jarðvegsmön |
| 14 — Húsnúmer | Gangstígur |
| Gata | 10p — Bifreiðastæði á lóð/fjöldi stæða |
| R — Girðing | Gróður - kvöð / leiðbeinandi |
| | minjaskráning, fornt garðlag |

**29.11.2018 breyting:** skv. samþykkt skipulagsnefndar Uppsveita er málmeðferð breytt úr 2.mgr 43. gr. í 1.mgr. 43. gr. Skipulagalaga nr. 123/2010 m.s.br.

HEITI VERKS:
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Brautarholt á Skeiðum

HEITI TEIKNINGAR:
Breyting á deiliskipulagi

| VERKNR: | MKV: | TEIKNING NR: |
|---|---|---|
| 207-016 | 1:1000 í A1 | 01 |
| TEIKNAÐ AF: | HANNAÐ AF: | DAGS. TEIKN: |
| sg/gg | oh/gg | 26. nóv. 2018 |
| YFIRL. / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: |

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á uppréttri loftmynd frá Loftmyndum ehf


LANDFORM ehf
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFOSS sími: 482 4090 faxnr: 482 3542
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is